

Persónuverndaryfirlýsing til umsækjanda um störf hjá Ási styrktarfélagi

Varðandi starfsumsókn þína hjá Ási styrktarfélagi (hér eftir einnig vísað til „félagið“ eða „við“) mun Ás styrktarfélag, sem ábyrgðaraðili, safna og vinna með persónugreinanlegar upplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að neðan. Öflug persónuvernd er félaginu kappsmál og leggjum við mikla áherslu á að virða réttindi þín og að öll meðferð persónuupplýsinga sé ávallt í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd, sem nú eru lög nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“).

Hvaða upplýsingum söfnum við um þig og í hvaða tilgangi?

Ás styrktarfélag safnar og vinnur, eins og við á hverju sinni, persónuupplýsingar um þig til þess að meðhöndla umsókn þína og meta hæfni þína til þess starfs sem um ræðir hverju sinni. Almennt er unnið með eftirfarandi flokka persónuupplýsinga í framangreindum tilgangi:

- *Auðkennis- og samskiptaupplýsingar:* Tengiliðaupplýsingar, s.s. nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer.
- *Upplýsingar í tengslum við starfsumsókn:* Upplýsingar um menntun, þjálfun, starfsferil, reynslu og aðrar upplýsingar sem kunna að koma fram með starfsumsókn, s.s. prófskírteini, ljósmynd og aðrar upplýsingar sem þú kýst að gefa upp, s.s. upplýsingar um fjölskylduhagi og/eða áhugamál.
- *Aðrar upplýsingar:* Eftir atvikum upplýsingar um þig frá meðmælendum sem þú gefur upp eða upplýsingar úr starfsviðtölum eða öðrum gögnum sem verða til í ráðningarferlinu. Framangreind upptalning er ekki tæmandi en félagið vinnur einungis þær upplýsingar um þig sem eru nauðsynlegar hverju sinni.

Á grundvelli 2. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk, er Ás styrktarfélagi óheimilt að ráða í störf sem unnin eru í þágu þjónustu við fatlað fólk, þá sem hlotið hafa refsídóma vegna brota á tilteknum ákvæðum almennra hegningarlaga. Ef til þess kemur að Ás styrktarfélag muni bjóða þér starf kann félagið því að óska eftir afriti sakavottorðs sem getur innihaldið upplýsingar um refsiverða háttsemi þína.

Þá vinnum við sömuleiðis persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi að útbúa ráðningarsamning ef til ráðningar kemur, s.s. upplýsingar um bankareikning, stéttarfélagsaðild, lífeyrissjóðsaðild og séreignarsjóðsaðild.

Hvaðan fáum við upplýsingar um þig?

Félagið safnar fyrst og fremst persónuupplýsingum um þig frá þér sjálfum, þegar þú sækir um starf hjá okkur. Eftir atvikum safnar félagið persónuupplýsingum um þig frá umsagnaraðilum sem þú bendir okkur á.

Verði af ráðningu munum við afla frekari persónuupplýsinga á starfstíma þínum hjá félaginu í tengslum við störf þín.

Hvaða heimild byggist vinnsla persónuupplýsinga á?

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga þinna fer fram þar sem hún er nauðsynleg til að gera eða efna samning milli þín og félagsins eða fullnægja lagaskyldu í samræmi við 2. og 3. tl. 1. mgr. 9. gr. persónuverndarlaga.

Persónuverndaryfirlýsing til umsækjanda um störf hjá Ási styrktarfélagi

Með hverjum deilum við persónuupplýsingum þínum og af hverju?

Ás styrktarfélag afhendir ekki persónuupplýsingar um þig til utanaðkomandi aðila nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, skriflegs vinnslusamnings eða á grundvelli samþykkis þíns.

Ás styrktarfélag kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar um þig til ráðningarskrifstofu, ráðgjafa, verktaka og annarra þriðju aðila vegna vinnu þeirra fyrir félagið í tengslum við umsóknarferlið. Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins. Vinnslusamningur við viðkomandi aðila liggur að baki slíkri miðlun.

Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar um þig?

Ás styrktarfélag er afhendingarskyldur aðili á grundvelli 14. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Skjöl sem verða til hjá félaginu vegna þjónustuverkefna samkvæmt samningum við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu skulu afhent Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu. Félaginu er því almennt óheimilt að eyða skjölum og gögnum, þ.m.t. starfsumsóknnum og fylgigögnum, sem berast eða verða til hjá félaginu nema með leyfi Þjóðskjalasafns.

Öryggi persónuupplýsinga þinna

Ás styrktarfélag leggur ríka áherslu á að tryggja öryggi persónuupplýsinga á öllum stigum vinnslu innan félagsins með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Þessum ráðstöfunum er ætlað að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað, svik og vernda persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi, glötun, eyðileggingu, breytingum fyrir slysi og ólögumætri notkun.

Komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Persónuvernd og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.

Sjálfvirk ákvarðanataka

Ás styrktarfélag tekur ekki sjálfvirka ákvörðun eða vinnur persónusnið um umsækjendur félagsins á sjálfvirkan hátt, þar sem persónuupplýsingar eru notaðar s.s. til að meta ákveðna þætti er varða hag einstaklinga eða til að greina eða spá fyrir um þætti er varða atriði eins og áreiðanleika eða hegðun. Ef til þess kemur mun félagið veita fræðslu þar um, s.s. með uppfærslu persónuverndaryfirlýsingar þessarar.

Réttindi þín

Með fyrirvara um þau skilyrði sem nánar er fjallað um í gildandi löggjöf um persónuvernd, þá átt þú rétt á að:

Persónuverndaryfirlýsing til umsækjanda um störf hjá Ási styrktarfélagi

- fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar félagið hefur skráð um þig og uppruna þeirra, sem og upplýsingar um hvernig unnið er með persónuupplýsingar um þig,
- fá aðgang að og afrit af öllum þeim persónuupplýsingum sem eru unnar um þig, standi hagsmunir annarra því ekki í vegi, s.s. vegna réttinda annarra sem skulu vega þyngra, eða óska eftir að þær séu sendar til þriðja aðila,
- fá rangar, villandi eða ófullkomnar persónuupplýsingar þínar uppfærðar og leiðréttar, auk þess að lokað verði fyrir notkun þeirra eða þeim eytt, eftir því sem lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, heimila,
- koma á framfæri andmælum ef þú vilt takmarka eða koma í veg fyrir að persónuupplýsingar þínar séu unnar, s.s. þegar vinnsla persónuupplýsinga þinna byggir á lögmætum hagsmunum,
- fá upplýsingar um það hvort fram fari sjálfvirk ákvarðanatöku, og þá á hvaða rökum slík ákvarðanatöku er byggð og endurskoðun á sjálfvirkri ákvarðanatöku,
- afturkalla samþykki þitt um að Ás styrktarfélag megi safna, skrá, vinna eða geyma persónuupplýsingar þínar, þegar vinnsla byggist á þeirri heimild. Afturköllun samþykkis skal ekki hafa áhrif á lögmæti vinnslu á grundvelli samþykkis fram að afturkölluninni.

Viljir þú nýta rétt þinn getur þú sent skriflega beiðni á personuvernd@styrktarfelag.is. Við munum staðfesta móttöku á beiðninni og að jafnaði bregðast við innan mánaðar frá móttöku beiðni. Verði ekki unnt að bregðast við innan mánaðar munum við tilkynna þér um töf á afgreiðslu innan mánaðar. Ekki er innheimt gjald þegar einstaklingar nýta rétt sinn í samræmi við ofangreint, nema í þeim tilvikum sem beiðni telst óhófleg eða augljóslega tilefnislaus.

Þú hefur einnig rétt til að leita til persónuverndarfulltrúa félagsins og/eða leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd teljir þú félagið ekki vinna persónuupplýsingar þínar í samræmi við persónuverndarlög. Upplýsingar um Persónuvernd má finna á heimasíðu þeirra, www.personuvernd.is.

Frekari upplýsingar

Þú getur haft samband við persónuverndarfulltrúa Áss styrktarfélags, í gegnum netfangið personuvernd@styrktarfelag.is, ef einhverjar spurningar vakna í tengslum við meðferð persónuupplýsinga hjá félaginu eða ef þú hefur ábendingar eða vilt nýta þér réttindi þín sem persónuverndarlög veita.

Endurskoðun og uppfærslur

Ás styrktarfélag áskilur sér rétt til að endurskoða og persónuverndaryfirlýsingu þessa reglulega og uppfæra eftir þörfum. Síðast var yfirlýsingin uppfærð þann 04.11.2024